



SÍMENNTUNARÁÆTLUN/ STARFSÞRÓUNARÁÆTLUN

Flúðaskóla 2024 - 2025

Listin að lifa felst í því að taka eftir þeim tækifærum
sem okkur gefast og grípa allt það góða sem við
mögulega getum.
– William James

Starfsþróunaráætlun og símenntun kennara

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunaráætlun sem lögð er fram á hverju ári.

Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 150 /126/ 102 klukkustundum á ári til símenntunar og undirbúnings kennara og fer fjöldi tíma eftir aldri kennara. Starfsþróun, sem hluti af þessum tíma er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins, einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti:

- Þætti sem eru nauðsynlegir fyrir skólann.
- Þætti sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum og/eða þróunarvinnu næsta skólaárs á grundvelli sjálfsmats skólans. Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. starfsþróunaráætlun skólans, enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu.

Símenntun starfsmanna í Flúðaskóla

Endur – og símenntun starfsmanna má skipta í tvennt:

- Námskeið og fræðslufundi sem skólastjórnendur ákveða út frá stefnu skólans og forgangsverkefnum.
- Nám og fræðslu sem starfsmaður hefur áhuga á og telur mikilvæga fyrir sig í starfi sínu.

Starfsmönnum ber að gera skólastjóra grein fyrir þeirri endur- og símenntun sem þeir hafa áhuga á og telja sig þurfa að sækja til að halda sér við í starfi.

Starfsmönnum ber skylda til að sækja þau námskeið og fræðslufundi sem þeim er ætlað skv. símenntunaráætlun skólans og skulu vera starfsmönnum að kostnaðarlausu.

Til símenntunar telst m.a:

- Námskeið á vegum skólans eða annarra viðurkenndra aðila.
- Skipulagðir leshringir og vettvangsheimsóknir.
- Stutt námskeið og kynningar á fundartíma kennara (telst ekki hluti af 150/126/102 tímum sem skráist sem símenntun).
- Umbóta- og/eða þróunarverkefni.
- Starfendarannsóknir.
- Rýnihópar.
- Sjálfsnám (lestur, myndbönd, netið o.fl.)

Eftirtaldir þættir eru áherslur í starfi Flúðaskóla. Stjórnendur hvetja starfsmenn til að sækja sér endurmenntun á þessum sviðum ásamt endurmenntun sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Markviss notkun upplýsingatækni í námi og mati

Flúðaskóli notar Mentor kerfið til að halda utan um skráningu á mati nemenda. Haldin eru regluleg námskeið fyrir kennara í umsýslu á kerfinu.

Flúðaskóli hefur aðgang að Microsoft Office 365. Kennarar eru hvattir til að kynna sér hvað þar er í boði og hvernig þeir geta nýtt sér mismunandi forrit í starfi.

Tölvutækni

Flúðaskóli leggur áherslu á að nýta sér tölvutækni í kennslu allra árganga. Kennarar eru hvattir til að kynna sér tækninýjungar á því sviði og efla þannig fjölbreytni í kennsluháttum og undirbúa nemendur betur undir framtíðina.

Læsi

Hrunamannahreppur hefur gefið út sameiginlega læsisstefnu fyrir leik- og grunnskólann.

Mikil áhersla er lögð á læsi innan veggja skólans, í samvinnu við alla kennara, um hvernig við getum sem best náð árangri á þessu sviði með nemendum okkar.

Útikennsla

Útikennsla er orðinn fastur liður í skólastarfi Flúðaskóla. Unnið verður að framþróun útikennslu og markmiðið er að það sé eðlilegur hluti af öllu starfi Flúðaskóla. Stýrihópur heldur utan um starfið og fræðir kennara.

Heilsueflandi grunnskóli

Flúðaskóli hefur verið þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi grunnskólar síðan haustið 2011. Markmið verkefnisins er að stuðla að góðri heilsu og líðan nemenda og starfsfólks skólans. Á hverjum vetri er áhersla lögð á einn þátt af þeim sex þáttum sem lagðir eru til grundvallar. Stýrihópur heldur utan um starfið og fræðir kennara.

Hrunamannahreppur er heilsueflandi samfélag og Flúðaskóli tekur þátt í því verkefni. Í ár er áherslan á öryggi.

Snillismiðja/Nýsköpun

Lögð er áhersla á að kynna fyrir nemendum ýmsar hliðar tækninnar og hvernig hún getur nýst í skapandi starfi með nýsköpun og frumkvæði að leiðarljósi. Þar fer fram vinna sem byggir á hæfni 21. aldar; þrautseigja, samvinna, nýsköpun, skapandi og gagnrýnin hugsun o.s.frv.

Stærðfræði

Fjölbreytt námskeið sem nýtast í stærðfræðikennslu á öllum stigum.

Jákvæð sjálfsmynd/líðan

Góð líðan er mikilvægur þáttur í farsælu skólastarfi. Lögð er áhersla á að starfsmenn afli sér sem víðtækustu þekkingar á því sviði.

Vinaliðaverkefni skólans gengur út á það að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu í frímínútunum og skapa betri skólaanda. Það hefur komið í ljós að þátttaka í vinaliðaverkefninu getur minnkað eða komið í veg fyrir einelti í skólum. Þetta er þróunarverkefni sem hófst haustið 2016. Kennari stýrir verkefninu.

Forvarnir

Öllu starfsfólki er skylt að horfa á og kynna sér námskeið um kynferðisofbeldi og kynferðislega hegðun barna og unglinga, 6-12 ára og 12-16 ára sem Barna- og fjölskyldustofa gaf út. Eins er starfsfólk hvatt til að kynna sér betur og nýta þau námskeið sem bjóðast í þessum málaflokki sem og með allar aðrar forvarnir.